

þannig, að komist yrði á örugga framfarabraut og aldrei yrði  
framur um hrún og hrap að ræða.

16. nóv.

### 28. *Íslensk framtíð*

Ísland sjálfstætt ríki, og íslenskur þjóðhöfðingi er sú breyting til bóta, að vér, sem nú erum komnir á elliár, töldum í æsku lítt hugsanlegt, eða öllu heldur ekki, að slíkt gæti orðið á vorum dögum. En þó er þegar séð, að jafnvel þessar ótrúlegu framfarir geta ekki tryggt þjóðinni góða framtíð, nema til komi nokkrar breytingar, sem að sumu leyti eru með jafnvel enn meiri ólíkindum en þær, sem þegar eru orðnar. Það er eitt, að vinna verður bug á því ósamlyndi, sem hefur verið svo mikið mein íslensku þjóðarinnar, jafnvel á þeim tímum er segja má, að ljómi snilldar og mannkosta hafi leikið yfir þessu landi. Alþingi þarf að vera stofnun, þar sem ekki er rifist og hatast, heldur ráðgast og ráðið um málefni þjóðarinnar af samtaka hyggindamönnum. Það þarf að koma málum vorum í það horf, að í sannleika sé hægt að tala um þjóðarhag. En nú er talsvert tómahljóð í því orði, og jafnvel einnig í orðinu þjóð.

## II

Mikil og jafnvel ómissandi hjálp í þessum efnum væri sá skilningur, að íslenska þjóðin eigi sér hlutverk sem alþjóðar samhugur gæti orðið um að sinna. Og það getur enginn vafi á því leikið, að þjóðinni er einmitt slíkt hlutverk ætlað — ef svo mætti að orði komast — og ekki er síður víst, hvers eðlis það hlutverk er. Enginn getur borið á móti því, að hér hafi á blómaöld þjóðarinnar skinið það ljós, er mikla þýðingu hefir haft fyrir frændþjóðir vorar á Norðurlöndum og þó fleiri. Og það getur í þessu efni verið til nokkurs skilningsauka, að íslenskir voru að ætt, þó að ekki væri öll, bæði sá maður, sem á sinni tíð var talinn langfremstur listasnillingur Norðurlanda, og eins einn af frægustu læknum.

EKKI MÁ GLEYMA ÞVÍ, AÐ ÞAÐ VAR EIGI EINUNGIS SEM FRÆÐIMENN OG SKÁLD, SEM ÍSLENSKIR FORNMENN VORU FREMSTIR

Norðurlandamenn sinnar samtíðar. Sumir þeir, sem röskastir þóttu, jafnvel í norskum her, voru stundum Íslendingar, eins og Þóralfur hinn sterki Skólmsson (í liði Hákonar góða) og Hallur Ótryggsson, dóttursonur Þorkels háks (í liði Haraldar harðráða), og mætti þó fleiri telja.

Það hefir verið hæðst að því, að nú á dögum fari Íslendingar á útlend íþróttamót til að vera þar síðstir. En það er áreiðanlegt, að svo þarf ekki að vera og mun ekki verða. Ég veit ekki betur, en að hér á landi hafi þegar verið stokkið hærra en stokkið var hæst annarsstaðar á Norðurlöndum fyrir ekki mörgum árum. Tel ég þetta mjög eftirtektarvert, og það því fremur, sem ekki er ólíklegt, að hér hafi þetta frábæra afrek verið framið við nokkru verri ástæður en á útlendum leikvelli. Og ég tel alveg víst, að ef íslenska þjóðin kemst á sanna framfaraleið, þá munu íslenskir íþróttamenn, sem þátt taka í útlendum leikmótum, ekki verða þar síðstir, heldur meðal hinna frægstu og fremstu.

### III

Íslendingar þurfa að fá það orð á sig, að þar sé þjóð, sem öllu mannkyni ætti að vera nokkur hugur á að þrifist gæti. Og er ekki ólíklegt, að í því efni geti amerískir menn af íslenskum ættum orðið að miklu liði. Íslenskir bókmenntahæfileikar hafa ekki enn notið sín til fulls í Vesturheimi, og liggja til þess auðskildar ástæður. Ég man ekki eftir, að neinn maður vestanhafs af íslenskum ættum hafi heimsnafn sem rithöfundur, annar en dr. Vilhjálmur Stefánsson, hinn mikli landfræðingur og ferðagarpur. En þeir munu verða fleiri mennirnir af íslenskum ættum vestur þar, sem heimsnafn ávinna sér á fræða-, bókmennta- og listasviðinu; og líklega enn öðrum. Svo margir munu slíkir menn verða, miðað við íslenskt fámenni, að heimseftirtekt mun vekja. Og frægð þeirra mun ekki verða þýðingarlaus fyrir íslensk þjóðþrif og alþjóðaáhrif hér heimanað. Þess má geta máli mínu til stuðnings, að hinn ágæti ameríski landfræðingur Ellsworth Huntington, hefir þegar fyrir ekki allfáum árum, í bók sem heitir, ef ég man rétt, *The Character of Nations*,

vakið athygli á því, hversu margir merkismenn hafi komið fram hjá íslensku þjóðinni, þegar miðað er við mannfjölda. Og þó er vert að minnast þess, að merkismennirnir hafa verið langtum fleiri en ráða mátti af þeim heimildum, sem Huntington hafði fyrir sér.

#### IV

Erfiðleikar á framfaraleið íslensku þjóðarinnar, sem flestir munu telja alveg ósigrandi, eru þeir sem stafa af hnattstöðu landsins og jarðeðli. Ef vel á að vera, þarf landið að verða þannig, að þjóðinni sé ekki háski búinn af hafísum, jarðskjálftum og eldgosum. Í Þjórsárdal má sjá mjög glöggar menjar jarðskjálfta, sem verið hefir e. t. v. ekki fullum 1000 árum fyrir landnámstíð. Ef vér berum þær menjar saman við ummerki jarðskjálftanna 1896, sem einnig má sjá þar í dalnum, þá er augljóst, að munurinn hefir verið býsna mikill. Í samanburði við hina fyrri, hafa jarðskjálftarnir 1896 verið smáhræringar einar. Og þó voru þeir jarðskjálftar fólkinu ærið erfiðir og lögðu í rústir bæi (eða bæjahús) svo hundruðum skipti. Það virðist því nokkur ástæða til að efast um, að á öllu Suðvesturlandinu a. m. k. mundi nokkurt hús verða uppistandandi, ef jörð skylfi aftur, eins og eldri ummerkin bera vott um. Þá má enn sjá á þessum slóðum, að Hekla hefir gosið nokkru fyrr en sá jarðskjálfti varð, og það svo stórkostlega, að hin kolsvarta vikurbreiða hefir á jafnlendi, jafnvel í tuga kílómetra fjarlægð frá eldfjallinu, verið þverhandarþykk eða vel það. Það er hætt við að illa færi um Íslands byggð, ef slíkir jarðskjálftar yrðu aftur, og slíkt eldgos. En gegn slíku er vitanlega engin trygging, að svo komnu. Miklu fremur má telja víst, að slíkra tíðinda sé hér enn von, ef ekki getur orðið sú mikla breyting, sem að vísu mest er allra, og svo margar aðrar góðar mun af leiða. En það er, að þjóðin öðlist þekkingu á því, hvernig ná má sambandi við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins, slík sem fyrri mönnum urðu tilefni trúar á guði og goðheim. Þegar slíkt samband væri komið á, mundi mannkyn jarðar vorrar, með tilstyrk guðanna, ná

þeim tökum á náttúruöflunum, sem nauðsynleg eru til að geta afstýrt öllum voðatíðindum úr þeirri átt, og jafnvel beint þeirri jötunorku, sem í eldgosunum lýsir sér, þannig, að ekki sé framar til böls, heldur bóta.

6.—7. nóv. 1944.

## 29. Sólarupprás: Góð spá, sem er að byrja að rætast

### I

Ritgerð, sem ég samdi fyrir 15 árum og lesa má í bók minni Ennýal, nefndi ég Sigurnánd. Svo nálægt virtist þá komið því, að þekkingarauki, sem öllu mannkyni riður hið mesta á, næði fram að ganga. Sú varð þó ekki raunin á. Mannlegur sljóleiki reyndist meiri en ég hafði gert ráð fyrir, og menn héldu áfram að skella skollaeyrunum við þeim sannleik, sem öllu mannkyni hefði getað orðið upphaf nýs og betra lífs. En nú loksns horfir vænlegar, og er ég las grein, sem heitir „Life in the Stars“ (Líf á stjörnum) í „Light“ frá 19. jan. s. l. (s. 39), varð mér nokkuð líkt við og ég liti fyrstu geisla upprennandi sólar. Grein þessa eða bréf hefir ritað frú Olive Gillespie. Vitnar hún í orð eftir mig í grein í sama blaði (Wonderful Possibilities) 12. jan., s. 28, og segir, að þau orð hafi studd verið af því sem gerðist á miðil-fundi í desember s. l., þar sem hún var viðstödd. Þar talaði rödd framliðins, utan við miðilinn, og sagði, að flokkur vísindamanna í öðru lífi, sem William Crookes, einn af ágætustu vísindamönnum sinnar samtíðar, hefir forustu fyrir, og samband hefir haft við frú Gillespie, æskti þess, að hún semdi með þeirra handleiðslu rit, sem ætti að heita „Lífið á stjörnum“. Því næst segir hún, að komið hafi löng útskýring, sem að vísu virðist hafa verið nokkuð mis-skilin, eins og búast mátti við, en sem þó auðsjáanlega hefir verið tilraun til að skýra frá því, að framliðnir lifi lífi sínu á jarðstjörnum, og að samband milli lífsins á hinum ýmsu stjörnum (interstellar communication) geti átt sér stað. Segir frúin, að boðskapur þessi hafi komið öllum viðstöddum mjög á óvart, og verið fluttur af miklum krafti og skýrleik.